

## Fundur stjórnar og fagráðs Grímshaga ehf á Hvanneyri 14. Nóvember 2013.

Mættir: Guðrún Sigurjónsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Þorvaldur T. Jónsson stjórnarmenn. Lárus Pétursson framkvæmdastjóri. Emma Eyþórsdóttir, Þóroddur Sveinsson (í síma) og Grétar Hrafn Harðarson (í síma) í fagráði. Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Rannsóknir og tilraunir. JS fór yfir hvernig verið er að nýta aðstöðu búins til rannsókna og tilrauna (glæsur). Á Hesti eru í gangi afkvæmarannsóknir auk fóðurtilrauna og fóðrunarvirðistilrauna. Auk þess ýmis verkefni sem byggja á gagnasafni búins (að jafna þunga dilka, fang gemlinga áhrif á lífsferil, rekstrarlíkan. Töluvert af námsverkefnum tengist rannsóknum á búinu auk hefðbundinna kennsluverka.

Fjósíð á Hvanneyri, fram kom að fjósíð hefur ákveðna annmarka sem tilraunafjós (lausaganga) en ætti engu að síður að vera hægt að nýta meira. Nýta mætti fjósíð til kjarnfóðurtilrauna, orkurannsókna, aðbúnaðarrannsókna, vinnu- og rekstrarrannsókna. Í fjósinu fer fram kennslustarf og verkefnavinna í bændadeild. BS verkefni í kálfafóðrun fer nú fram í fjósinu. Ljóst er að aðstaðan í fjósinu er vannýtt. Ljóst er að mannafl skortir til að efla rannsóknir á sviði nautgripaæktar. Æskilegt að hafa starfsmann lshí sem héldi utanum tilraunastarf á fjósi á svipaðan hátt og gert hefur verið á Hesti. Áhugavert væri að nota Grímshagabúið til að gera athuganir á ýmsum þáttum tengdum búrekstri, s.s. orkunotkun, fóðuröflun o.fl.

E.B. þakkaði fyrir að fá boð um að koma á fund og taldi mikilvægt að BÍ tengdi við starf lshí í kennslu og rannsóknum. Hann tók undir að mikilvægt væri að tryggja tilvist búins og auka starfið í rannsóknum. Endurskoða þurfi úthlutunarreglur þróunarsjóða BÍ með það fyrir augum að tryggja fjármagn til langtímaverkefna á borð við afkvæmarannsóknir. Rætt um möguleika til fjármögnunar á nýjum verkefnum við búíð, t.d. á sviði orkumála og „græn“ verkefni. Rætt um hvort breyta eigi stefnu búins t.d með því að taka upp lífræna búskaparhætti að einhverju eða öllu leyti. Fram kom að mjaltafyrirkomulagið í fjósinu, mjaltarobot, sé hindrun í því að taka upp lífrænar aðferðir. Einnig kom fram að þörf sé á að rannsaka þætti sem tengjast robotatækninni, t.d. beitarmál. Samþykkt að JS taki að sér að ræða innan yfirstjórnar lshí hvort mögulegt sé að fá fjármuni úr „græna hagkerfinu“ til nýsköpunar í fjósinu.

3. Aðkoma fagráðsins að áætlunum varðandi endurrækt og fóðuröflun. Rætt um nauðsyn þess að sundurgreina rekstrarkostnað og sjá hvort rekstrarþættir eins og t.d. heysala standi undir sér. Í gangi er greiningavinna og ákveðið að bíða frekari niðurstaðna úr henni og meta framhaldið með hliðsjón af þeim niðurstöðum. Þá kom fram að mikilvægt sé að gera þær ráðstafanir sem þarf til að tryggja bestu gæði mjólkur og hæsta afurðaverð.
4. Önnur mál. Rætt um umhirðu véla og umgengni. Einnig rætt um mikilvægi þess að lshí auki við mannskap í rannsóknum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.